

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt
Reykjavík, 2. apríl 2024.

Efni: Umsögn um aðgerðaráætlun landbúnaðarstefnu, mál nr. S-65/2024.

Þann 29. febrúar sl. birti matvælaráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda aðgerðaráætlun vegna landbúnaðarstefnu til 2040 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2023 og óskaði eftir umsögn um efni aðgerðaráætlunarinnar. Umsagnarfrestur var veittur til 21. mars en síðar framlengdur til 2. apríl 2024.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“ eða „samtökin“) hafa tekið umrædda aðgerðaráætlun til skoðunar og verður hér gerð grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

1. Almennt um aðgerðaráætlunina

Í upphafi vilja samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að þær aðgerðir sem birtast í aðgerðaráætlun landbúnaðarstefnu Íslands taki mið af markmiðum núgildandi búvöru- og búnaðarlaga (lög nr. 99/1993 og 70/1998) sem og markmiða núgildandi búvörusamninga. Grundvöllur þess að markmið landbúnaðarstefnunnar nái fram að ganga er að tryggja að frumframleiðendur njóti líf skjara til jafns við aðrar stéttir í þjóðfélaginu.

Í inngangi er tekið fram að aðgerðaráætluninni er ætlað að ná yfir þau verkefni landbúnaðarstefnunnar sem eru á forræði matvælaráðuneytisins. Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að aðrar aðgerðir er snúa að því að ná markmiðum landbúnaðarstefnunnar, en eru á forræði annarra ráðuneyta, séu settar fram samhliða svo unnið sé að markmiðum stefnunnar heildstætt.

2. Fæðuöryggi

Í landbúnaðarstefnunni er kveðið á um að styrktar verði stóðir fjárhagslegrar afkomu framleiðenda sem einnar af undirstöðum fæðuöryggis. Utan eflingar á kornrækt á Íslandi er þó ekki að finna neina beina aðgerð né árangursvísi sem styður við þetta stefnumið. Aðrar aðgerðir undir fæðuöryggi snúa f.o.f. að gagnaöflun og -miðlun um landbúnað á Íslandi.

Afkomuvöktun og rekstrarráðgjöf í landbúnaði

Ekki er ljóst hvort aðgerðin feli í sér að útvíkka verkefni um aukna rekstrarráðgjöf til bænda til fleiri búgreina en nú er. Samtökin leggja áherslu á að svo verði sem og að litið sé til hlutfalls framleiðslu þeirra búa sem taka þátt í verkefninu af heildarframleiðslu sem árangursvísi í stað fjölda.

Mælaborð landbúnaðarins

Lagt er til „...að tryggja áframhaldandi þróun mælaborðsins til að tryggja að það nýtist sem best til að fylgjast með þróun þeirra markmiða sem sett eru fram í landbúnaðarstefnu.“ SAFL leggja áherslu á að þau gögn sem birt eru á mælaborðinu nýtist einnig til að fylgjast með þróun markmiða sem sett eru fram í búvöru- og búnaðarlögum sem og búvörusamningum sem gerðir eru milli íslenska ríkisins og Bændasamtaka Íslands.

Hvað áframhaldandi þróun framsetningu mælaborðsins varðar telja samtökin mikilvægt að fram fari þarfagreining meðal notenda. Flestar þær upplýsingar sem hægt er að kalla fram í mælaborðinu í dag eru aðgengilegar á öðrum stöðum, t.d. á vef Hagstofu Íslands. Því þarf að vera ljóst með hvaða hætti mælaborðið bætir við þá gagnamiðlun sem nú þegar er til staðar. Þá benda samtökin einnig á að í dag vantar allar upplýsingar um mjólkurframleiðslu inn í mælaborðið. Árangursvísir er einnig nokkuð óljós.

3. Loftslagsmál

Loftslagsbókhald fyrir landbúnaðinn

Samtökin taka undir mikilvægi þess að nýtt kerfi verði ekki íþyngjandi viðbót við núverandi skráningar og að tryggðar verði tengingar milli þeirra kerfa sem nú eru í notkun.

Þróun loftslagsvænni hvata í landbúnaði

Undir aðgerðinni segir eftirfarandi: „Búvörusamningar eru til 10 ára og gilda til ársins 2026. Stuðningskerfi sem þar er skilgreint stuðlar að mjög litlu leyti að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og stærstur hluti stuðnings er til sauðfjár- og nautgriparæktar sem losa mest sökum iðragerjunar og umfangs þeirra hérlendis.“

Í dag stendur innlend framleiðsla fyrir töluverðum hluta fæðuframboðs á Íslandi og þá sérstaklega próteini. Hlutdeild innlendrar framleiðslu er 43% í grænmeti, 90% í kjöti, 96% í eggjum og 99% í mjólkurvörum samkvæmt skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi sem unnin var af Landbúnaðarháskóla Íslands að beiðni Kristjáns Þórs Júlíussonar, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ljóst er að hægt er að gera betur í framleiðslu útíræktaðs grænmetis sem og gróðurhúsarækt. Samtökin vara þó við hugmyndum um að stuðningur sé færður frá þeim greinum sem uppfylla herra hlutfall innanlandsþarfa yfir á þær sem uppfylla lægra hlutfall og leggja áherslu á að í stað sé stuðningur við matvælaframleiðslu aukinn til að tryggja fæðuöryggi.

Í kaflanum segir einnig eftirfarandi: „Stuðningskerfið getur m.a. falið í sér árangursmiðaða hvata sem miða að: a) aukinni framleiðni sem fækkar gripum þó framleiðslumagn haldist óbreytt“.

Ljóst er að með aukinni fólkfjölgun hérlendis sem og erlendis mun eftirspurn eftir matvælum aukast og því mikilvægt að framleiðslumagn þróist í samræmi við þarfir hverju sinni. Því leggja samtökin til að þessu orðalagi verði breytt.

Rannsóknir á sviði loftslagsmála

Samtökin taka undir mikilvægi þess að bæta þekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og styrkja með því gagnaöflun fyrir losunarbókhaldi Íslands. Of oft er miðað við alþjóðleg meðaltöl eða aðrar erlendar niðurstöður sem sterkar vísbendingar eru um að eigi ekki við hérlendis.

4. Landnýting og varðveisla landbúnaðarlands

Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu voru birt á samráðsgátt stjórnvalda 17. janúar síðastliðinn og bárust 82 umsagnir um málið. Samtökin taka undir þau sjónarmið sem komu fram í fjölmörgum þeirra umsagna sem bárust; ef setja á reglugerð um sjálfbæra landnýtingu þá þurfi fyrst að liggja fyrir hver skilgreiningin er og hún þurfi að vera alþjóðlega viðurkennd skilgreining sem er notast við í dag.

SAFL hafa lagst gegn samþykkt reglugerðarinnar og eru jafnframt þeirrar skoðunar að verulegur vafi leiki á að drögin að reglugerðinni hafi fullnægjandi lagastoð og að ákvæði draganna kunni þannig að ganga gegn sjónarmiðum um framsal lagasetningarvalds. Þá þarf að tryggja að fjármögnun sé til staðar varðandi þær íþyngjandi aðgerðir sem lög nr. 155/2018 og reglur settar á grundvelli þeirra geta haft í för með.

5. Alþjóðleg markaðsmál

Frumvarp um framleiðendafélög

Frumvarp um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 var samþykkt á Alþingi 21. mars síðastliðinn. Með frumvarpinu er afurðastöðvum í kjötiðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjötafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara, þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga. Með breytingunni er starfsumhverfi íslensks landbúnaðar að færast nær því sem þekktist í nágrannalöndum okkar, en þar hafa undanþágur frá samkeppnisreglum til handa landbúnaðarfyrirtækjum þekkt um áratugaskeið.

Stafræn umsýsla í tollamálum og mat á úthlutunarkerfi tollkvóta

SAFL fagna þessum aðgerðum. Ekki hefur verið hægt að greina innflutning á landbúnaðarvörum út frá því hvort þær séu fluttar inn innan tollkvóta eða utan fram að þessu, líkt og hægt er m.a. inn til ESB. Þá er einnig mikilvægt að meta áhrif annars vegar umfangs (nýtingarhlutfall) og hins vegar útboðsverðs tollkvóta á verð til neytenda.

6. Neytendur

Bætt upplýsingagjöf til neytenda

SAFL taka undir mikilvægi góðrar upplýsingagjafar um matvæli til neytenda og leggja áherslu á að upplýsingar um matvæli séu einnig aðgengilegar í mötuneytum og á veitingahúsum með sýnilegum hætti. Með aukinni upplýsingagjöf gefst neytendum færi á að taka upplýst val um neyslu sína.

7. Nýsköpun og tækni

Ræktunaráætlun gegn riðu

SAFL fagna aðgerðinni en benda á að hlutfall ónæmra gripa væri æskileg viðbót við árangurvísa.

Kyngreint nautgripasæði

SAFL fagna aðgerðinni og benda á að Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins gaf út skýrslu í febrúar 2023 um kyngreint nautripasæði¹.

8. Fyrirkomulag stuðnings við landbúnað


Mælt er fyrir um gerð búvörusamninga í 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Samningarnir eru gerðir milli íslenska ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Í samningunum er fjallað um stjórn á framleiðslu búvara en það eru m.a. afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, aðrar nytjajurtir og afurðir hlunninda. SAFL telja að hvers konar mótun og útfærsla á stuðningskerfi landbúnaðarins til framtíðar þurfi að vera hluti af viðræðum milli framangreindra samningsaðila.

Að auki telja samtökin að hér beri sérstaklega að hafa í huga markmið núverandi búvöru- og búnaðarlaga. Markmið stuðnings við landbúnað hefur allt frá upphafi verið að tryggja neytendum gott framboð af hagkvæmum matvælum sem framleidd eru af bændum sem tryggð eru sambærileg lífskjör og öðrum þegnum samfélagsins. Ef færa á stuðning við landbúnað frá framleiðslu yfir á umhverfisleg gæði án þess að bændum séu tryggðar tekjur á mói er það markmið fyrir bí. SAFL telja mikilvægt að þessi markmið verði áfram grunnur stuðnings við landbúnað. Ef stefnan er hins vegar að boða aukin framlög til málaflokksins með nýjum áherslum á loftslags- og umhverfisál þá þarf það að koma skýrar fram.

Þá er einnig mikilvægt að litið sé til fæðuöryggis og framleiðsla búvara þróist í takt við aukinn mannfjölda og neyslubreytingar.

Að því sögðu eru fulltrúar Samtaka fyrirtækja í landbúnaði reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í landbúnaði



Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri

¹ Sjá hér: [Skýrsla um kyngreint sæði | Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins \(rml.is\)](https://www.rml.is/skyrsla-um-kyngreint-saeði)